

STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2017, 2. október, var haldinn 64. fundur stjórnerfiss- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð, Ráðhúsi og hófst kl. 13.36. Fundinn sátu Halldór Auðar Svansson, Eva Einarisdóttir, Skúli Helgason, Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir, Björn Gíslason, Lára Óskarsdóttir, Gústav Adolf Sigurbjörnsson og áheyrnarfulltrúinn Jón Ingi Gíslason. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Stefán Eiríksson. Fundarritari var Sandra Dröfn Gylfadóttir.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram tillaga að kjörstjórn vegna rafrænna kosninga í verkefninu Hverfið mitt 2017, dags. 25. september 2017. Samþykkt.

Unnur Margrét Arnardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram bréf um endurskoðun reglna um rafrænar kosningar fyrir Hverfið mitt 2017, dags. 25. september 2017, ásamt fylgigögnum. Samþykkt.

Stjórnerfiss- og lýðræðisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Stjórnerfiss- og lýðræðisráð vill horfa til þess að aldurstakmörk í Hverfinu mínu verði færð niður fyrir 16 ár í næstu umferð, árið 2018. Samráð um það upplegg verði haft við skólayfirvöld borgarinnar, SAMFOK og ungmennaráð. Einnig verði horft til þess að hægt verði að leggja fram hugmyndir að rekstrarverkefnum rétt eins og að nýframkvæmdum og viðhaldi.

Unnur Margrét Arnardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Fram fer kynning á leiðum til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum næsta vor.
4. Lagt fram bréf borgarráðs, dags. 28. september 2017, ásamt fylgigögnum, þar sem samþykkt er að vísa tillögu um stofnun hverfissjóðs, dags. 26. september 2017, til stjórnerfiss- og lýðræðisráðs til frekari útfærslu.

Stjórnerfiss- og lýðræðisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarritara er falið að eiga samráð við hverfissráðin um framhaldið áður en tillaga að úthlutarreglum er lögð fram.

Fundi slitið kl. 14.56

Halldór Auðar Svansson

Eva Einarisdóttir
Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir
Björn Gíslason

Skúli Helgason
Lára Óskarsdóttir
Gústav Adolf Sigurbjörnsson